

FUNDARGERÐ LEIKSKÓLANEFNDAR

Mánudaginn 16. ágúst 2004 var fundur haldinn í Leikskólanefnd Höfðahrepps kl. 17:00 í leikskólanum Barnabóli

Mætt eru; Birna Sveinsdóttir formaður, Gígja Óskarsdóttir varamaður Dóru Sveinbjörnsdóttur, Björn Hallbjörnsson, Helga Bergsdóttir fv. leikskólastjóri, Þórunn Bernódusdóttir leikskólastjóri og Sesselja Guðmundsdóttir fulltrúi starfsmanna og Erla Hauksdóttir fulltrúi foreldrafélags.

Dagskrá fundarins:

1. Starfsmannamál
2. Barnafjöldi og biðlisti
3. Önnur mál

Formaður setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Tvær umsóknir bárust vegna auglýsingar um 100% starf með umsóknarfresti til 18. júní. Guðlaug Grétarsdóttir var ráðin í 75% en það sem út af stendur var bætt við annað starf sem fyrir var á leikskólanu. Þórunn Bernódusdóttir tók við starfi leikskólastjóra þann 1. ágúst sl. í 100% starfi. Hún sinnir jafnframt starfi deildarstjóra á eftir hádegisdeild frá 13:00-17:00. Aðrir deildarstjórar verða; Sesselja Guðmundsdóttir aðstoðarleikskólakennari, á Lundi í 88,5% starfshlutfalli og Lilja Ingólfssdóttir leiðbeinandi í 50% starfshlutfalli á Sæbóli f.h. Aðrir starfsmenn eru; Fjóla Jónsdóttir 70%, Guðlaug Grétarsdóttir 75%, Herdís Jakobsdóttir 55%, Guðbjörg Viggósdóttir 70%, Guðmunda Sigurbrandsdóttir 50% og Ragnheiður Sigurjónsdóttir 30% á deild og 40% vegna ræstingar. Matráður er Ásthildur Gunnlaugsdóttir í 37,5% starfshlutfalli. Fjóla Jónsdóttir hefur sagt upp störfum frá og með 1. júlí 2004 Leikskólastjóri upplýsir að ráða þurfi starfsmann í stuðningskennslu vegna fatlaðs barns. Ekki liggur fyrir hvert starfshlutfall þarf að vera vegna þessa, en nánari upplýsingar munu berast innan tíðar. Starfshlutfall matráðs var aukið óverulega á vormánuðum 2004 þegar tekin voru inn fleiri börn til að stytta biðlista svo hugsanlega þarf að endurskoða það en frekar, sjá lið 2.
2. Frá hausti eru skráð 42 börn á leikskólann, af þeim eru 15 börn í 8 tíma dvöl, 14 börn í 6 tíma dvöl og 13 börn í 4 tíma dvöl. Af þessu má sjá að 29 börn verða í hádegismat sem er fjölgun um 11 frá því í fyrrahaust. Í dag eru sjö börn á biðlista, af þeim hafa 3 börn leikskólapláss en sótt hefur verið um annan dvalartíma fyrir þau og eitt barn sem kemst að síðar í haust.
3. Upplýsingar um viðhald og endurnýjun búnaðar. Aðalstofan í eldri álmunni var máluð og sett voru upp ný ljós. Forstofan í nýrri álmunni var máluð. Báturinn var lagaður og málaður, en unnið er að endurnýja sandkassa. Einnig var ákveðið að bíða fram yfir áramót með endurnýjun á bekkjum og hólfum í eldri álmu þar sem undirbúningi var ekki lokið í tíma.

Fundargerðin var skráð í tölvu, lesin upp í lok fundarins og samþykkt, prentuð út og undirrituð af fundarmönnum. Fundi slitið kl. 19:015

2004-08-16-10,1

Leikskólanefnd Höfðahrepps
Fundagerðir

Birna Sveinsdóttir
(Sign)

Björn Hallbjörnsson
(Sign)

Gígja Óskarsdóttir
(Sign)

Helga Bergsdóttir
(Sign)

Sesselja Guðmundsdóttir
(Sign)

Erla Hauksdóttir
(Sign)

Þórunn Bernódusdóttir
(Sign)